



Fjármögnunaráætlun Landsbankans árið 2020

Landsbankinn birtir hér áætlun um fjármögnun á markaði fyrir árið 2020 ásamt útboðsdagatali fyrir regluleg útboð á innlendum markaði. Nánari upplýsingar um fjármögnun Landsbankans á markaði má nálgast á heimasíðu Landsbankans, www.landsbankinn.is/fjarfestar/fjarmognun.

SÉRTRYGGÐ SKULDABRÉF

- Áætlað er að gefa út sértryggð skuldabréf fyrir 28-33 ma.kr. á árinu 2020
- Fimm flokkar sértryggðra skuldabréfa eru útstandandi, tveir óverðtryggðir og þrjú verðtryggðir. Heildarnafnverð flokkanna nemur 135.140 m.kr.

Flokkur	Tegund	Markflokkur*	Gjalddagi	Nafnverð (m.kr.)
LBANK CB 21	Óverðtryggður	Já	30.11.2021	6.820
LBANK CB 23	Óverðtryggður	Já	23.11.2023	19.500
LBANK CBI 22	Verðtryggður	Nei	28.4.2022	20.500
LBANK CBI 24	Verðtryggður	Nei	15.11.2024	39.080
LBANK CBI 28	Verðtryggður	Já	4.10.2028	49.240
				135.140

*Markflokkar eru flokkar sem reglulega eru boðnir til sölu

- Enginn flokkur sértryggðra skuldabréfa er á gjalddaga á árinu 2020 og gerir áætlunin því ráð fyrir að nafnverð útgefinna sértryggðra skuldabréfa nemi 163-168 ma.kr. í árslok 2020
- Útboð sértryggðra skuldabréfa verða að jafnaði tilkynnt í fréttaveitu Nasdaq Iceland tveimur viðskiptadögum á undan fyrirhuguðu útboði
- Stefnt er að því að halda útboð á sértryggðum skuldabréfum að jafnaði einu sinni í mánuði, háð markaðsaðstæðum hverju sinni.
- Stefnt er að því að útboð bæði verðtryggðra og óverðtryggðra skuldabréfa fari fram að minnsta kosti ársfjórðungslega
- Arion banki, Íslandsbanki og Kvika sinna viðskiptavakt á eftirmarkaði með sértryggð skuldabréf útgefin af Landsbankanum
- Viðskiptavakar hafa aðgang að verðbréfalánum í þeim flokkum sem viðskiptavaktin nær til

ÚTBOÐSDAGATAL

- Í töflunni má sjá fyrirhuguð útboð sértryggðra skuldabréfa á árinu 2020

Sértryggð skuldabréf	
Janúar	Vika 3
Febrúar	Vika 7
Mars	Vika 11
Apríl	Vika 16
Mái	Vika 20
Júní	Vika 24
Júlí	Vika 28
Ágúst	Vika 34
September	Vika 38
Október	Vika 42
Nóvember	Vika 46
Desember	Vika 50

VÍXLAR

- Ekki er gert ráð fyrir reglulegum víxlaútboðum á árinu 2020 en ákvörðun um útboð ræðst af markaðsaðstæðum hverju sinni
- Vixlaútboð verða að jafnaði tilkynnt í fréttaveitu Nasdaq Iceland tveimur viðskiptadögum á undan fyrirhuguðu útboði
- Tveir víxlaflokkar eru útistandandi og nemur heildarnafnverð þeirra 3.640 m.kr.
- Heildarútgáfa víxla á árinu 2020 er óákveðin og ræðst af markaðsaðstæðum

ÖNNUR FJÁRMÖGNUN Á MARKAÐI

- Landsbankinn mun leitast við að gefa út víkjandi fjármögnun á markaði, sé það talið hagkvæmt og hagfelld fyrir fjármagnsskipan bankans
- Aðrir fjármögnunarkostir á markaði verða einnig til skoðunar á árinu 2020 með það að markmiði að breikka fjármögnunargrunn bankans.
- Form, fjárhæðir og tímasetningar slíkra útgáfna eru háðar markaðsaðstæðum hverju sinni

FYRIRVARI

Landsbankinn áskilur sér rétt til þess að víkja frá fjármögnunaráætlun þessari án fyrirvara eða sérstakrar tilkynningar þar um.